

16. fundur hreppsnefndar Langanesbyggðar var haldinn fimmtudaginn 20. desember kl. 16:10 í Verinu (Tunglinu).

Mætt voru: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson, oddviti, Jóhanna Helgadóttir, Árni Davíð Haraldsson, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Þórir Jónsson og Marínó Jónsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 05.12.07. (Lögð fram)
- Íþrótt- og tómstundanefnd 07.11.07.

Sveitarstjóra falið, ásamt forstöðumanni íþróttamiðstöðvar, að skoða valkosti varðandi starfrækslu ljósabekks í Veri og leggja fram tillögu í málinu fyrir hreppsnefnd. Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Íþrótt- og tómstundanefnd 05.12.07.

Vegna bókunar í fundargerð vegna ferðar á vegum félagsmiðstöðvarinnar suður til Reykjavíkur er vakin athygli á því að æskilegt er að félagsmiðstöðin starfi samkvæmt fjárhagsramma er stjórn hennar setur sér. Sé óskað eftir framlögum frá sveitarfélaginu vegna einstakra verkefna er æskilegt að slíkt berist sveitarstjóra með góðum fyrirvara þannig að hægt verði að bregðast við slíkum erindum tímanlega. Varðandi umrætt mál kom fram hjá sveitarstjóra að fyrirspurn hefði borist og henni hefði verið svarað með ósk um kostnaðarútlitun auk þess að bent hafi verið á að til málaflokksins væru takmarkaðir fjármunir eftir samkvæmt fjárhagsáætlun ársins. Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Atvinnumálanefnd 13.12.07

Samþykkt að taka ekki þátt í ritverkinu Ísland 2010 – Atvinnulíf og menning.

Varðandi fyrirhugaða gjaldtöku á tjaldsvæði samþykkir hreppsnefnd hana með fyrirvara um að aldursviðmið verði miðað við 18 ára í stað 16.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra, 106. fundur 05.12.07 - Lögð fram
- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga 18.12.07

Ásamt fundargerð stjórnar AP voru lögð fram drög að vaxtarsamningi Norðausturlands 2008 – 2010 ásamt stuttri greinargerð með aðgerðaráætlun. Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að vaxtarsamningurinn verði gerður með þeim hætti sem þar er lýst og að umjón samningsins verði á höndum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Sveitarstjóra falið að vinna að því að þau þróunarverkefni sem liggja fyrir að vinna ásamt AP verði löguð að vaxtarsamningnum og að framlög sveitarfélagsins vegna þeirra verði metin til mótframlags vegna samningsins.

- Menningarmiðstöð Þingeyinga 18.12.07 – Lögð fram.
- Eyþing 19.12.07 – Lögð fram

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína.

Leiga á lénunum (thorshofn.is og bakkafjordur.is)

Fram voru lagðar hugmyndir frá Mónakó sf. um notkun léna í eigu Langanesbyggðar sem gætu orðið vísir af þjónustustarfsemi á Bakkafirði.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að veita Mónakó sf. tölvu- og bókhaldsþjónustu afnotarétt af lénunum thorshofn.is og bakkafjordur.is gegn greiðslu árgjalds sem nemur kostnaði sveitarfélagsins af umræddum lénunum. Afnotarétturinn verður til eins árs til að byrja með.

4. Innsend erindi

Til afgreiðslu:

- VÍS – Samningur um tryggingar Langanesbyggðar.
Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir samkomulag um vátryggingar á milli Langanesbyggðar og Vátryggingafélags Íslands hf. dagsett 13. desember 2007. Samkomulagið gildir fyrir tímabilið 01.01.07. – 31.12.10.
- Orkusalan – Samningur um raforkukaup Langanesbyggðar.
Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir raforkusölusamning á milli Langanesbyggðar og Orkusölnunnar ehf. (nr. RA-26950 og RA-26948), dags. 26. nóvember 2007, og á milli Langaneshafna og Orkusölnunnar ehf. (nr. RA-26997), dags. 27. nóvember 2007. Samningarnir gilda fyrir tímabilið 01.01.08. – 31.12.09.
- Sparisjóður Þórshafnar og nágr. – Fundur stofnfjáreigenda 21.12.07

Fram kom eftirfarandi tillaga frá Sigurði Ragnari Kristinssyni:

„Ég legg til að sveitarstjórn óski eftir frestun á lið 2 og 3 á dagskrá stofnfjárfundar í sparisjóði Þórshafnar þann 21.12.07.

Að mínu mati er of hratt farið í sameiningaráformum án þess að gefa stofnfjáreigendum nokkra valkosti sem eru þó sannanlega til staðar. Æskilegt er að sparisjóðsstjórn í samráði við stofnfjáreigendur kanni alla framtíðarmöguleika SPÞ með það að markmiði að heimamenn hafi áfram eitthvað um rekstur hans að segja, líkt og gert hefur verið í nokkrum öðrum smærri sparisjóðum“.

Tillagan var borin upp og felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Eftir nokkrar umræður kom fram tillaga frá Siggeiri Stefánssyni um að oddviti fari með atkvæði sveitarfélagsins á stofnfjárfundi sparisjóðsins.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Sigurður Ragnar Kristinsson óskaði eftir því að eftirfarandi yrði bókað:

„Þar sem meiri hluti sveitarstjórnar samþykkir ekki óskir minnihluta um að fara með einn af þremur stofnfjárhlutum sveitarfélagsins, verð ég að lýsa vonbrigðum mínum með ólýðræðislega og raunar óskiljanlega framkomu meirihluta“.

- Umsóknir um leiguíbúðir hjá Langanesbyggð
Fyrir lágu umsóknir fjögurra aðila um íbúðir til leigu hjá sveitarfélaginu. Samþykkt að úthluta Monicu Swierczenski og Mariuszi Swierczenski Pálmholti 1, bjóða Wioletu Kuczynska og Przemystan Reys Pálmholt 3. Öðrum umsækjendum verði bent á að sækja um að nýju næst þegar að íbúðir verða auglýstar lausar til útleigu.

5. Reglugerð um gatnagerðargjöld í Langanesbyggð.

Afgreiðslu vísað til annarrar umræðu.

6. Álagningarákvæði Langanesbyggðar.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að álagningarákvæði fyrir árið 2008 skulu vera samkvæmt eftirfarandi:

1. Gjaldskrá fasteignagjalda

Fasteignaskattur A er 0,36% af heildarálagningarstofni.
Fasteignaskattur B er 1,65% af heildarálagningarstofni.
Fasteignaskattur C er 0,88% af heildarálagningarstofni.
Lóðarleiga kr. 4,25,- pr. m² eða samkvæmt leigusamningi
Vatnsskattur er 0,15% af heildarálagningarstofni.
Aukavatnsskattur er kr. 12,10 pr. m³ vatns.
Holræsagjald er 0,15% af heildarálagningarstofni.
Sorphreinsunargjald heimila kr. 7.500,- á íbúð.
Sorphreinsunargjald fyrirtækja kr. 7.500,- eða samkvæmt reikningi.
Sorpeyðingargjald heimila kr. 7.500,- á íbúð.
Sorpeyðingargjald fyrirtækja:
A-flokkur kr. 7.500,- Urðað magn (áætlað) að 12 m³ á ári.
B-flokkur kr. 22.500,- Urðað magn (áætlað) frá 12 að 48 m³ á ári.
C-flokkur kr. 90.000,- Urðað magn (áætlað) frá 48 m³ á ári.

2. Undanþágur

Ellí- og örorkulífeyrisþegar fá allt að 20.000.- kr. niðurfellingu á fasteignaskatt af eigin íbúðarhúsnæði, sem viðkomandi býr í. Hlutfallsleg örorka veitir hlutfallslegan rétt til lækkunar. Þessar lækkanir hafa verið færðar á álagningarseðlum hjá ellilífeyrisþegum en öryrkjar þurfa að sækja um eða endurnýja fyrri umsóknir. Ef gjaldandi telur sig eiga rétt á frekari afslætti á grundvelli þessa ákvæðis er viðkomandi vinsamlega beðinn um að hafa samband við skrifstofu Þórshafnarhrepps.

3. Skilgreiningar álagningastofna

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Breytingar nr. 945/2000, 1.gr.: “Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári, sbr. þó 5.gr.

Stofn til álagningar á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Skattur skal vera sem hér segir:

Allt að 0.50% af álagningarstofni:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

• Allt að 1.32% af álagningarstofni:

Allar aðrar fasteignir.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 3. mgr. þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum.”

Álagningarstofn vatnsskatts er fasteignamat húss og lóðar, þó að hámarki 0.30% af álagningarstofni. Heimilt er sveitarstjórn að miða vatnsskatt við stærð fasteignar og/eða notkun skv. mæli eða fast gjald sbr. lög nr. 81/1991.

Álagningarstofn holræsagjalds er fasteignamat húss og lóðar. Gjald má miða við virðingaverð fasteigna eða við stærð lóðar eða við hvorttveggja sbr. vatnalög.

4. Önnur Þjónustugjöld

Önnur þjónustugjöld eru ákveðin af sveitarstjórn.

5. Gjald dagar

*Gjald dagar fasteignagjalda eru 8
Eindagi fasteignaskatta er 30 dögum eftir gjalddaga.*

7. Fjárhagsáætlun 2008 – Seinni umræða.

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun Langanesbyggðar fyrir árið 2008. Samkvæmt áætlun mun rekstur sveitarsjóðs (A – hluta) skila afgangi upp á um 1.100 þús. kr. en samantekin rekstur A- og B-hluta mun verða neikvæður um sem nemur 19.600 þús. kr. Sveitarstjóri vakti athygli á háum afskriftum eða um 41.700 þús. kr. enda gerir áætlað sjóðsstreymi ráð fyrir því að handbært fé frá rekstri nemi um 41.400 þús. kr. Fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir fjárfestingum upp á um 84.100 þús. kr., en þar veða þyngst fyrirhugaðar malbikunarframkvæmdir á Þórshöfn, og er gert ráð fyrir nýjum lántökum vegna þessa upp á 75.000 þús. kr. Ákveðið að taka framkvæmdaáætlun til endurskoðunar á fyrsta ársfjórðungi 2008 m.a. með tilliti til endurbóta á aðalgötu á Bakkafirði og klæðningar á Þórsveri.

Eftir nokkrar umræður var fjárhagsáætlun 2008 samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:18